



Reykjavík, 4. desember 2018
SFS2018100117
150. fundur
HG/img/adg

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi biðlista á leikskólum

Á 145. fundi skóla- og frístundaráðs, 9. október 2018 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir því að fá upplýsingar um það hversu mörg börn eru á biðlista eftir leikskólavist og hafa ekki fengið boð um vistun.

Svar:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 9. október 2018 og í borgarráði 15. nóvember 2018 var samþykkt breyting á reglum um leikskólalajónustu þar sem miðað er við að börn, sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert, fái boð um leikskóladvöl það sama haust. Áður var miðað við að börn gætu hafið leikskóladvöl á því ári sem þau verða tveggja ára.

Greining á biðlista eftir leikskólavistun 30. nóvember 2018 sýnir að fjöldi umsókna barna sem voru orðin 18 mánaða 1. september 2018 (fædd í febrúar 2017 eða fyrr) eru 70. Auk þeirra eru 10 börn 12-17 mánaða með forgang á biðlista. Samtals eru því 80 börn á biðlista. Af þeim eru 4 umsóknir barna, fæddra í jan/feb. 2017, sem bárust áður en aðalinnritun í leikskóla hófst í lok apríl sl. Þegar úthlutað er plássum barna sem eru að hefja grunnskólanám að hausti. Síðan aðalinnritun fór fram hafa bæst við 76 umsóknir, 66 vegna barna 18 mánaða og eldri og 10 vegna barna 12-18 mánaða sem metin eru í forgangi að leikskóladvöl. Af hópnum eru 14 í vistun í nágrennasveitarfélagi og Reykjavík greiðir fyrir vistunina. Starfsfólk innritunar er í stöðugu sambandi við foreldra barna á biðlista og hefur nokkrum fjölda nú þegar verið boðin leikskóladvöl en foreldrar kjósa að bíða eftir ákveðnum leikskólum.

Samkvæmt greiningu á biðlista eftir leikskólavistun 3. nóvember 2018 var heildarfjöldi barna í vistun í leikskólum Reykjavíkurborgar 5265. Fjöldi barna fædd í feb. 2017 og eldri, þ.e. 18 mán. 1. sept. sl. eru 5039. Þann 3. nóvember 2018 voru 57 börn fædd í lok febrúar 2017 eða fyrr sem biðu eftir vistun. Það er 1,12% af heildarfjölda barna 18 mánaða og eldri ef miðað er við 1. september 2018.

Þann 12. nóvember 2018 átti eftir að ráða í 32 stöðugildi grunnmönnum á leikskólum, en á sama tíma árið 2017 átti eftir að ráða í 57,5 stöðugildi.

Biðlisti eftir leikskóla tekur stöðugum breytingum, röðun barna á biðlista getur breyst skyndilega vegna flutninga og vegna barna sem metin eru í forgangi í vistun í leikskóla. Óskir foreldra eru misjafnar, allt eftir aðstæðum. Lögð er áhersla á markvisst og gott samstarf leikskóla, skrifstofu skóla- og frístundasviðs og foreldra við innritun barna í leikskóla Reykjavíkurborgar.